

L Ö G

95

27. des.

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1957 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.
2. Bifreiðaskattur samkvæmt c.—e-liðum 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 fyrir árið 1956, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1957, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1957, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
3. Á árinu 1957 skal innheimta af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 6 — sex — krónur í innflutningsgjald af hverju kg. Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

96

27. des.

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1957 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.